

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Oddur Örnólfsson, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Elsa María Guðmundsdóttir og Hilmar Örn Jónasson.

Afboða, mæta ekki : Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Júlía Þorvaldsdóttir.

Fundur 16.09.2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var haldin í húsakynnum SSÍ.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mál frá sundþingi

a. Skipað hefur verið í allar nefndir.

- Í dómaranefnd sitja:

- Viktoría Gísladóttir formaður
- Björn Valdimarsson
- Sigurður Óli Guðmundsson
- Lárus Lúðvík Hilmarsson,
- Hilmar Örn Jónasson
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
- Sigurþór Sævarsson
- Bryndís Sigurðardóttir

- Í kjörnefnd sitja:

- Arnar Már Loftsson formaður
- Oddur Örnólfsson
- Ingibjörg Helga Arnardóttir

- Í aga- og síðanefnd sitja:

- Ásdís Vatnsdal formaður
- Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- Jón Hjaltason
- Lóa Birna Birgisdóttir
- Finnbjörn Aðalheiðarson

b. Skipað hefur verið í vinnuhóp um mannvirki til æfinga og keppni. Hópin sitja Eyleifur Jóhannesson, Jakob Jóhann Sveinsson og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson. Fyrsti fundur hópsins hefur verið boðaður.

c. Vinnuhópar vegna iðkendafjölda annarsvegar og þjóðarleikvanga hinsvegar eru í vinnslu. Leifur Guðni leiðir hóp um iðkendafjölda og mun Eyleifur taka þátt í störfum hans. Hörður Oddfríðarson leiðir hóp um þjóðarleikvanga.

d. Hópur sem mun fara yfir hlutverk starfsnefnda SSÍ mun hittast í næstu viku. Leifur Guðni og Júlía Þorvalds leiða vinnu hópsins.

e. Þinggerð og öll gögn frá sundþingi 2021 eru komin á heimasíðu SSÍ. Starfsfólk uppfærir önnur gögn á heimasíðu í takt við nýjustu breytingar.

3. Mót og starfsemi

- a. Það er mikil framundan af mótum hér innanlands á sundárinu:
 - IMOC fer fram 18. – 19 september í Laugardalslaug. Þátttakendur verða um 60 talsins og verið er að raða í starfsmannskjal mótsins. Hörður Oddfríðarson verður með þularnámskeið á mótinu og einnig verður boðið upp á tæknikennslu. Mótið er 3 hlutar, tveir á laugardag og einn á sunnudag.
 - NOM fer fram 8.- 10 október í Laugardalslaug. Útlit er fyrir að þokkalega þátttöku í mótinu.
 - ÍM25 fer fram 12.- 13 nóvember í Ásvallalaug
 - Bikar fer fram 17.- 19 desember í Reykjanesbæ.
 - IMOC 22 í Ásvallalaug í maí 2022
- b. Verið er að skoða með staðsetningar fyrir SMÍ og AMÍ.

4. Afreksmál

- a. Æfingabúðir framtíðarhóps voru haldnar 4 – 5 sept. Fyrirlestrar frá Gauta Grétars og Eygló Ósk. 26 þátttakendur og góð stemning í hópunum.
- b. Æfingar og mælingar landsliðsfólks fóru fram 9-10. September. Ragnar Guðmundsson var með mælingar. Ben Titley, landsliðsþjálfari frá Kanada og margfaldur Ólympíu þjálfari, var með æfingu og hélt fyrirlestur fyrir hópinn.
- c. Þjálfararáðstefna var haldin á Hótel Örk í Hveragerði helgina 11. – 12. September. Gestafyrirlesarar voru Ben Titley, Ragnar Guðmundsson og Eðvarð Þór Eðvarðsson. Alls mættu 30 þjálfarar á ráðstefnuna og var góður taktur í hópnum .
- d. Við tókum þátt í mörgum stórverkefnum í sumar á alþjóðavísu. Skýrslur vegna verkefna eru komin í gögn SSÍ fyrir þessi mót sem eru: EMU, NEM og ÓL.
- e. Það eru mörg verkefni framundan næstu mánuði og þau helstu eru:
 - World Cup í Berlín 1. – 3 október 2021. Leifi, Arna og Ragnar fara með hópnum.
 - EM25 í Kazan 2. – 7 nóvember 2021
 - NM 3-5. Des í Stokkhólmi
 - HM25 Abu Dhabi 13. – 18 des 2021
- f. Hugmyndir að kostnaðarþáttöku sundfólks kynnt fyrir fundinum og rædd. Tillagan var samþykkt og verður birt.

5. Fundargerðir nefnda

Fundargerð 105. Fundar dómarnefndar frá 9. Sept 2021 ásamt upplýsingum um dómarnámskeið.

6. Félagaskipti

Nafn: Ragnheiður Lovísa Gunnsteinsdóttir <i>Staðfest</i>	Fyrri félag: Stjarnan	Nýtt félag: Breiðablik	dags. mótt. 18.08.2021	Tekur gildi 17.09.2021
---	---------------------------------	----------------------------------	----------------------------------	----------------------------------

7. Staðfesting meta

50 metra laug

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður:

Engin met lágu fyrir fundinum

25 metra laug

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður:

Engin ný met lágu fyrir til stafestingar

8. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
09.09.2021	Þingnefndir Íþróttabings	ÍSí
09.09.2021	Íþróttabing 2021 framhaldsþing	ÍSí
09.09.2021	Fréttatilkynning Kvennahlaup ÍSí	ÍSí
10.09.2021	Haustfjarnám allra stiga 2021	ÍSí
11.09.2021	Propostion for rulses and regulation	MT
16.09.2021	Dómaranámskeið	DM

Önnur mál:

- Hörður J Oddfríðarson mun sitja LEN Congress í Búdapest og NSF fund dagana 23.- 25 september.
- Setja dómaranámskeið inn á atburðardagatal
- Eins og fram kom á síðasta fundi hefur gengið hægt að fá fund með borgaryfirvöldum til að ræða hagsmundi sundhreyfingarinnar sérstaklega hvað varðar mannvirki. Svar barst frá borginni í lok síðustu viku og verið er að vinna í því að koma á fundi með Hjálmari Sveinssyni formanni menningar-, íþrótt- og tómstundarráðs ásamt Ómari Einarssyni sviðsstjóra ÍTR.
- Eyleifur og Ingibjörg sátu fund vegna afreksmála hjá ÍSí þann 14. september.
- Á fundinum var samþykkt breyting á Almennum ákvæðum SSÍ:

Var

Verður

3.1 – Umsókn um mót

Hvert aðildarfélag sambandsaðila skal hafa rétt á að halda sundmót SSÍ með fullri fjárhagslegri ábyrgð. Réttindi til þátttöku á mótum SSÍ, hafa öll sundfélög sem eiga lögmæta aðild að ÍSí.

3.1.1

Umsóknir um að halda mót á vegum SSÍ skulu berast SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Ákvörðun stjórnar um staðsetningu liggur fyrir þegar atburðadagatal SSÍ fyrir komandi tímabil er kynnt.

3.1 – Umsókn um mót

Hvert aðildarfélag sambandsaðila skal hafa rétt á að halda sundmót SSÍ með fullri fjárhagslegri ábyrgð. Réttindi til þátttöku á mótum SSÍ, hafa öll sundfélög sem eiga lögmæta aðild að ÍSí.

3.1.1

Umsóknir um að halda mót á vegum SSÍ skulu berast **á rafrænu formi til** SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Ákvörðun stjórnar um staðsetningu liggur fyrir þegar atburðadagatal SSÍ fyrir komandi tímabil er kynnt.

3.3 – Umsókn um opið mót á atburðadagatal SSÍ

Umsóknir um opin sundmót eru sendar SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Heimilt er að efna til opinnar sundíþróttakeppni með minni fyrirvara, en þá verður umsókn um mótið að berast til SSÍ með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

3.4 – Umsókn um innanfélagsmót

Í umsókn um innanfélagsmót–er tekið fram hvar og hvenær mótið á að halda og í hvaða greinum verði keppt. Tilkynning um mótið skal berast skrifstofu SSÍ með minnst viku fyrirvara og skal SSÍ skrá umsóknir (tilkynningar). Ekki er mögulegt að ná lágmörkum á opin SSÍ mót eða í landsliðsverkefni á slíkum mótum.

3.3 – Umsókn um opið mót á atburðadagatal SSÍ

Umsóknir um opin sundmót eru sendar á **rafrænu formi** til SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Heimilt er að efna til opinnar sundíþróttakeppni með minni fyrirvara, en þá verður umsókn um mótið að berast til SSÍ með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

3.4 – Umsókn um innanfélagsmót

Í umsókn um innanfélagsmót–er tekið fram hvar og hvenær mótið á að halda og í hvaða greinum verði keppt. Tilkynning um mótið skal berast skrifstofu SSÍ á **rafrænu formi** með minnst viku fyrirvara og skal SSÍ skrá umsóknir (tilkynningar). Ekki er mögulegt að ná lágmörkum á opin SSÍ mót eða í landsliðsverkefni á slíkum mótum.

Tillagan var samþykkt